

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

12. nóvember 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Vikan sem nú er í gangi hefur einkennst af námsmati. Vinaliðar á elsta stigi skólans fóru á vel heppnað vinaliðanámskeið á Akureyri í gær og var það Ingvar Daði sem fór með hópinn.

Starfsdagur

Mánudagurinn 16. nóvember er starfsdagur kennara og því frí hjá nemendum þann dag.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða þriðjudaginn 17. nóvember þar sem farið verður yfir vitnisburði nemenda. Þann dag fara nemendur heim á hádegi, eftir að þeir hafa borðað hádegismat. Umsjónarkennarar senda út nánara skipulag fyrir daginn.

Tónlistarskólinn

Þegar starfsdagur kennara er mánudaginn 16. nóvember verður tónlistarskólinn starfandi og þeir nemendur sem eiga tíma fá sína tíma. Þetta á einnig við þriðjudaginn 17. nóvember þegar kennslu lýkur á hádegi, þá verða tónlistartímar eftir hádegi eins og vant er.

Fjáröflun hjá nemendum

Krakkarnir í nemendafélaginu við Grunnskólann ætla að selja kerti fyrir aðventuna. Kertin koma í fallegri öskju, 4 stk. í pakka á 1000 kr. Hægt er að velja um hvít eða rauð kerti og eru þau 27 cm á lengd. Kertin eru framleidd af Heimaey, vernduðum vinnustað.

Einnig eru krakkarnir að fara af stað með sölu á snakki, 1 poki á 500 kr. eða 3 saman á 1300 kr. Ef þið viljið panta kerti eða snakk er hægt að hafa samband við skólann í síma 453 7344 eða senda póst á emma@gsh.is

Hlökkum til að heyra frá ykkur, kveðja Nemendafélagið.

Bestu kveðjur,

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi